

Umsátrið - fall Íslands og endurreisn

Bókarhöfundur: Styrmir Gunnarsson

Bókarheiti: Umsátrið – fall Íslands og endurreisn

Gagnrýnandi: Stefanía Óskarsdóttir, stjórn málafræðingur

Útgáfa: Veröld, Reykjavík 2009, 309 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Bókin er innlegg í umræðu um hvernig efla megi lýðræði á Íslandi og draga úr áhrifum sérhagsmuna en ekki fræðileg úttekt á orsökum hrunsins eða eftirmálum þess. Höfundurinn hefur lengi verið þátttakandi í þeirri umræðu. Einnig hafði hann sem ritstjóri Morgunblaðsins meiri völd en flestir aðrir til að móta almenningssálitið og miðla upplýsingum til almennings. Styrmir víkur sér ekki undan þeirri ábyrgð en reynir hins vegar að útskýra í bókinni hvernig málið horfði við honum og hvers vegna Morgunblaðið veigraði sér t.d. við að benda á ýmsa misbresti í íslensku fjármálalífi.... Eftir lestur bókarinnar situr (þó) eftir sú hugsun að það sé nær lagi að umsátrið hafi verið um íslenskan almenning en ekki um sjálfstæði Íslands. Almennungur hafði litla hugmynd um að hverju stefndi vegna þöggunarinnar sem Styrmir fjallar um. Innan íslenska valdakerfisins vissu ymir í hvað stefndi en það mátti bara ekki tala um það."*

ÚTSÝNIÐ ÚR VIRKINU

Bókin Umsátrið - fall Íslands og endurreisn eftir Styrmi Gunnarsson fjallar um bankahrunið 2008 og eftirmála þess. Þegar bókin kom út sýndu fjölmiðlamenn henni strax mikinn áhuga og Styrmir var fenginn til að ræða efni hennar í viðtölum í blöðum og ljósvakamiðlum. Að auki urðu ýmsar ályktanir hennar að sjálfstæðum fréttum, svo sem eins og sú að verið gæti að kalla þyrfti saman landsdóm til að fá úr því skorið hvort ráðherrar í ríkisstjórn Geirs H. Haarde hefðu brotið lög um ráðherraábyrgð.

Áratugalöng reynsla Styrmis sem fjölmiðlamanns og ritstjóra, og tengsl hans við íslenska valdamenn, eru ekki síst ástæður þess að bók hans hefur vakið svo mikla athygli. Þar sem hrunið kom mörgum bæði í opna skjöldu og olli miklu tjóni leikur fólki mikil forvitni á að vita hvað fór fram á bak við tjöldin. Fólk leitar enn svara við því hver hafi borið ábyrgð og hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir hrunið. Bók Styrmis svarar hvorugri spurningunni afdráttarlaust en gefur undir fótinn með að stjórnámálamenn, fjölmiðlar og sérfræðingar hafi brugðist skyldum sínum við almenning með því að vera ekki nægilega á varðbergi gagnvart sístækkandi og ofurskuldsettu bankakerfi. Þetta útskýrir hann með því að hagsmunir fólks í litlu landi séu svo samtvinnuðir að erfitt geti verið að halda uppi gagnrýnni umræðu. Þá hafi fjármagnseigendur á síðustu tveimur áratugum náð undirtökum í íslensku samfélagi og hafi staðið vörð um vald sitt með ýmsum aðferðum. Í endurreisninni vill hann byggja á þessari reynslu og draga m.a. úr áhrifum klíkna, auðvelda aðgengi að upplýsingum og auka áhrif almennings með beinu lýðræði.

Bókin er ekki fræðileg úttekt á orsökum hrunsins eða eftirmálum þess. Hún er miklu fremur innlegg í umræðu um hvernig efla megi lýðræði á Íslandi og draga úr áhrifum sérhagsmuna. Höfundurinn hefur lengi verið þátttakandi í þeirri umræðu. Einnig hafði hann, sem annar af tveimur ritstjórum Morgunblaðsins um langt skeið, meiri völd en flestir aðrir til að móta almenningssálitið og miðla upplýsingum til almennings. Styrmir víkur sér ekki undan þeirri ábyrgð en reynir að útskýra hvernig málið horfði við honum og hvers vegna Morgunblaðið t.d. veigraði sér við að benda á ýmsa misbresti í íslensku fjármálalífi.

Einn áhugaverðasti kafli bókarinnar er einmitt um tók fjármagnseigenda á fjölmiðlunum. Þar talar Styrmir af reynslu ritstjórans sem gæta þarf þess að blað hans sé lesið og skili hagnaði. Þrátt fyrir að hann nefni fjöldamörg dæmi í bókinni um hvernig Morgunblaðið fjallaði um hættuna á bankakreppu segir hann í þessum kafli: „við vorum ekki nægilega gagnrýnir á þær upplýsingar sem við fengum frá íslenska bankakerfinu. Hvers vegna vorum við það ekki? Í svarinu við þeirri spurningu er fólgin kjarninn í vandamálum íslensku þjóðarinnar“ (s. 164).

Eins og fyrr segir er það mat Styrmis að svarið liggi í návígi manna á Íslandi sem annaðhvort blindi menn eða torveldi mjög gagnrýna umræðu, a.m.k. á opinberum vettvangi. Hann skrifar: „Þetta návígi, þessi tengsl, og í sumum tilvikum persónuleg vinátta, átti þátt í að ritstjórn Morgunblaðsins var ekki nægilega gagnrýnin á þær upplýsingar, sem við fengum heima fyrir, þótt við legðum rétt mat á þær fréttir og upplýsingar, sem bárust okkur utan úr heimi. Óhætt er að fullyrða, að sömu ástæður skýri að hluta til viðbrögð eða aðgerðaleyfi stjórnvalda og einstakra stjórnámálanna, þegar harðna fór á

dalnum í rekstri bankanna“ (s. 165).

Þessar tilvitnanir bera með sér að höfundurinn gerir sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni. Það hafi hins vegar einkum verið nærgætni við vini, eða tengda aðila, sem hafi komið í veg fyrir frekari greiningu á ástandinu en sjálfsagt líka efnahagslegir og pólitískir hagsmunir sem betur hefði mátt fjalla um í bókinni. Styrmir gefur líka þá skýringu að blaðamenn séu ekki nægilega vel menntaðir; sérstaklega hafi ungir blaðamenn ekki þekkingu á íslenskri samtímasögu. Þá séu atvinnumöguleikar fjölmiðlamanna takmarkaðir sem valdi því að þeim sé umhugað um að halda störfum sínum; og þeir upplifi stöðu sína á þann veg að þeir séu saman í liði á móti þeim sem vinni á öðrum fjölmiðlum. Styrmir víkur einnig að ábyrgð háskólakennara og annarra sérfræðinga á sviði viðskipta- og hagfræði og segir að hagsmunaárekstrar hljóti að skýra hvers vegna þeir voruð ekki við hættunni á hruni bankakerfisins. Hann fylgir þessu þó ekki eftir með mörgum dæmum en vissulega er það réttmæt ábending að afstaða háskólafélags, ekki síður en annarra, litast af hagsmunum þeirra og reynslu. Allt er þetta umhugsunarefni sem lítið hefur verið rætt um á opinberum vettvangi.

Titill bókarinnar, Umsátrið, hefur ákveðna táknræna merkingu. Einn af sögubráðum hennar er nefnilega sá að oflátungsháttur hafi orðið Íslandi að falli. Á stundu varnarleysis hafi smáþjóðin mætt erlendum vörgum sem tættu hana í sig og hröktu í faðm Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nú sé vegið að sjálfstæði landsins. Titillinn gefur þannig til kynna vonbrigði, ekki síst með alþjóðasamfélagið sem ekki hafi komið til hjálpar á ögurstundu. Á tímum alþjóðlegrar lánsfjákræppu sem skók heiminn var þó býsna óraunhæft að ætla að einhver væri tilbúin til að lána bönkum á brauðfótum; hvað þá örríki sem hafði enga burði til að axla skuldbindingar bankakerfisins sem var orðið umsvifamikið á alþjóðlegum mörkuðum. Styrmir veit sem er að í kjölfar bankakreppunnar stendur Ísland frammi fyrir vali um hvort sækja eigi um aðild að ESB eða halda fast í hugsjónina um fullveldið. Í hans huga virðist það skýrt að aðild að ESB jafngildi uppgjöf. Með skrifum bókarinnar vill hann augljóslega leggja sitt af mörkum til að svo verði ekki og leggur því til að samfélagið verði endurreist á grunni aukins lýðræðis. Þetta er sjónarmið sem hann deilir með mörgum sjálfstæðissinum sem telja að lýðræði og ESB fari ekki saman. Þetta er þungur undirtexti bókarinnar þótt lítið sé annars fjallað um hugsanlega ESB-aðild í henni. Icesave kemur þó oft fyrir í byrjun bókarinnar og reynt að halda því til haga að íslensk stjórnvöld hafi aldrei kvittað upp á ábyrgð á innstæðum í íslenskum bankaútibúum erlendis.

Eftir lestur bókarinnar situr þó eftir sú hugsun að það sé nær lagi að umsátrið hafi verið um íslenskan almenning en ekki um sjálfstæði Íslands. Almennigur hafði litla hugmynd um að hverju stefndi vegna þöggunarinnar sem Styrmir fjallar um. Innan íslenska valdakerfisins vissu ýmir í hvað stefndi en það mátti bara ekki tala um það. Besta dæmið um þetta er örstutt frásögn Styrmis af heimsókn Lárusar Weldings, forstjóra Glitnis á Morgunblaðið snemma árs 2008. „Ég spurði hann um horfurnar fram undan. Hann svaraði með einu orði: „Óhugnanlegar““ (s. 164). Þessi greining forstjórans rataði þó ekki á síður blaðsins né nokkurra annarra fjölmiðla og opinberlega sagði forstjórinn aðeins nokkrum dögum fyrir gjaldþrotið að allt væri í besta lagi í bankanum.